

Útdráttur

Verkefni þetta er unnið sem lokaverkefni til B.Ed.-prófs í leikskólafræðum við kennaradeild Háskólans á Akureyri vorið 2007. Starfsemi leikskóla hér á landi spannar ekki yfir langan tíma en þróun skólastigsins er athyglisverð í ljósi hinnar hröðu samfélagsbreytinga er áttu sér stað síðasta aldarfjórðung. Tilgangur þessa verkefnis er að skoða sögu og þróun leikskólastarfs á Vopnafirði og bera hana að sögu leikskólastarfs hér á landi.

Rannsóknarspurningarnar voru eftirfarandi:

- Hvert er upphaf leikskólastarfs á Vopnafirði og hver hefur þróunin orðið í starfi skólans?
- Hvaða munur er á þróun leikskólastarfs á Vopnafirði og annars staðar á landinu?

Helstu niðurstöður okkar sýna að á sama hátt og annars staðar á landinu voru konur frumkvöðlar í að leikskóli var stofnaður á Vopnafirði. Kvenfélag Vopnafjarðar hafði forgöngu um að rétt fyrir 1960 var byggður upp leikvöllur í þorpinu fyrir börn og starfræktu þær leikvöllinn til 1978 en þá var hann sameinaður leikskóla sem Hafrún Róbertsdóttir hafði komið á laggirnar 1976 að eigin frumkvæði. Megintilgangur þess að koma á barnagæslu á Vopnafirði var að mæta breyttu atvinnumynstri í bænum þar sem nýbreytni í atvinnuháttum kallaði á fleiri vinnuhendur til starfa í atvinnufyrirtækjum sveitarfélagsins. Niðurstöður benda til að þróun leikskólastarfs á Vopnafirði hafi verið svipuð og annarstaðar á landinu. Nánast öll börn á leikskólaaldri eru á leikskóla á Vopnafirði og daglegur vistunartími í leikskóla hefur lengst jafnt og þétt með svipuðum hætti og á landinu öllu þó vistunartíminn sé ívið styttri hvern dag á Vopnafirði. Mönnun leikskólanna hefur verið með svipuðum hætti og annars staðar á landinu en um þriðjungur starfsmanna hefur verið með leikskólakennaramenntun en á undanförunum árum hefur aðstaða skólans batnað verulega hvað þetta varðar. Faglegt starf hefur einnig tekið breytingum með aukinni menntun starfsfólks og útkomu *Aðalnámskrár leikskóla*.

Abstract

This essay is the final assignment for the B.Ed-degree in Primary Education from the Faculty of Education at the University of Akureyri 2007. The Icelandic preeschools industry has not existed for a long period of time but the development of the educational system is impressive in light of the swift social changes over the past 25 years. The objective of this essay is to take a look at the history and development of the preeschool activities in Vopnafjörður and comparing its history to the preschool industry of Iceland.

The research questions were as follows:

- Which is the beginning of the preschool activities in Vopnafjörður and how has the development of the schools activity been?
- What is the difference between the preschool activities in Vopnafjörður and in the rest of the country?

Our results will show that women were the pioneers in founding the preschool in Vopnafjörður as they were in the rest of the country. The Women Association of Vopnafjörður got the initiative to build a playground for kids in 1960 and operated the playground until 1978 when it merged with the preschool founded by Hafrún Róbertsdóttir in 1976. The main objective of having daycare in Vopnafjörður was to cope with the new diversity of the towns businesses. The novelty of work called for more employees to meet with the increased demand of employment. The conclusion point that the development of the preschool activities in Vopnafjörður were similar as to the ones in other parts of Iceland. Almost all children of preschool age are in preschool in Vopnafjörður. The daily operating hours at the preschool have slowly increased, although the daily stay per child is a bit shorter in Vopnafjörður than in the rest of Iceland. The manpower and experience of preschool employees is similar to the rest of the country where one third of the employees have preschool education, which translates directly into a better environment. The professional knowledge of the employees has also changed a lot with the increased education of the employees and with the publishing of the „Main Preschool Register.“ (*Aðalnámskrá leikskóla*).